

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1974 um grunn-skóla og lögum nr. 49/1967 um skólakostnað öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 159/1969 um stofnkostnað skóla, nema hvað miða skal við ákvæði í fylgiskjölum þeirrar reglugerðar uns nýjar reglur hafa verið gefnar út. Ákvæði 11. gr. reglugerðarinnar skulu taka til skólabygginga sem hafnar eru með samþykki ráðuneytisins eftir 1. janúar 1978.

Menntamálaráðuneytið, 30. ágúst 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

21. ágúst 1978.

Nr. 346.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.

Ráðuneytið hefur staðfest nýja gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar:

Aðgangseyrir fyrir fullorðna	kr. 250.00
Aðgangseyrir fyrir börn	— 100.00
10 miða kort fyrir fullorðna	— 1 600.00
10 miða kort fyrir börn	— 500.00
Handklæði og sundföt	— 200.00

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. ágúst 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

29. ágúst 1978.

Nr. 347.

ERINDISBRÉF

hjúkrunarforstjóra við heilsugæslustöð.

1. gr.

Hjúkrunarforstjóri er skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Hann skal hafa lokið námi í hjúkrunarfræði og hafa hjúkrunarleyfi.

2. gr.

Hjúkrunarforstjóri skal vera ábyrgur gagnvart heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneytinu og stjórn heilsugæslustöðvarinnar.

Honum skal heimilt að sitja stjórnarfundum og hafa þar tillögurétt og málfrelsi.

3. gr.

Störf hjúkrunarforstjóra eru í aðalatriðum eftirfarandi:

Hjúkrunarstörf eftir því, sem nauðsyn krefur.

Ráðning á starfsliði í samráði við stjórn stöðvarinnar og yfirlækni.
Skipulagning og stjórnun á daglegri starfsemi.

Innkaup á lyfjum, hjúkrunarvörum og hreinlætisvörum og eftirlit með notkun á þeim.

Vera til ráðuneytis um nýbyggingar og breytingar á húsnæði heilsugæslustöðvarinnar svo og kaupum á áhöldum og húsbúnaði.

Umsjón og skipulagning á námi hjúkrunarfræðinema í samráði við viðkomandi skóla, og umsjón með annarri þeirri fræðslustarfsemi, er stöðin veitir.

Gerð ársskýrslu stöðvarinnar í samvinnu við lækna.

Hjúkrunarforstjóra ber að fylgjast með nýjungum í heilsugæslu og hafa góða samvinnu við aðrar heilbrigðisstofnanir.

4. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 57/1978 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. ágúst 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 10 frá 19. janúar 1967 fyrir
Vatnsveitu Þórshafnar.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Af öllum húsum í Þórshafnarkauptúni, sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitunni, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 0.1% af fasteignamati húsanna, þó aldrei minna en kr. 3 000.00 fyrir einbýlishús.

Fyrir hverja íbúð í fjölbýlishúsi kr. 3 000.00. Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, svo sem verksmiðjur, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús, frystihús o. fl., skal greiða aukavatnsskatt, er nemi 0.2% af fasteignamati húsanna, ef vatn er ekki selt eftir mæli samkvæmt 9. gr.

2. gr.

9. gr. orðist svo:

Vatnsveitunefnd er heimilt að setja upp mæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn og skal þá greiða kr. 10 00 fyrir hvern teningsmetra vatns, auk þess vatnsskatts sem um er getið í 8. gr. Vatnsveitunefnd sér um uppsetningu og útvegum mælanna, en vatnsnotandi skal greiða árlega mælaleigu að fjárhæð kr. 3 000.00.

3. gr.

10. gr. orðist svo:

Sé vatn ekki selt eftir mæli samkv. 9. gr., er heimilt að innheimta aukavatnsskatt sem hér segir: Af hverri tunnu uppsaltaðrar síldar kr. 7.50, af hverju máli (síld) sem lagt er upp til bræðslu kr. 23.00, af hverri smálest af frystum landbúnaðar- og fiskafurðum kr. 100.00, af hverri smálest af saltfiski kr. 20.00, af hverri kind, sem slátrað er, kr. 3.00.